


Hljómfræði F1

Hljómfræði F1 er fyrsti áfangi af fjórum í hljómfræði til framhaldsprófs. Til þess að mega taka hann verða nemendur áður að hafa lokið samræmdu miðprófi í tónfræðigreinum og verða að hafa lokið annaðhvort grunnskólaprófi eða fullgildu miðprófi á hljóðfæri eða í söng. Að áfanganum loknum er ætlast til þess að nemendur séu tilbúnir að takast á við Hljómfræði F2.

Námsefni:

Hljómamál: kennslubók í hljómfræði eftir Atla Ingólfsson

Bókin fæst í Vaski.



Hér fyrir neðan má sjá námsmarkmið í Hljómfræði F1.

Hljómfræðiatriði

Nemandi

- þekki eftirfarandi hljómfræðiatriði og geti nýtt þau við hljómsetningu einfaldra laga, greiningu og gerð hljómaraða:
 - hinar fjórar gerðir þríhljóma.
 - frumhljóm (grunnhljóm), undirforhljóm, forhljóm og leiðsöguhljóm.
 - alla þríhljóma í öllum hljómhvörfum í dúr.
 - minnkaða hljóma og lausn þeirra.
 - niðurlög: fullkominn og ófullkominn aðalendi, hálfendi, kirkjuendi og gabbendi.
 - helstu raddfærslureglur í dúr.
 - tengitóna og skiptitóna.
- hafi vald á ofangreindum þekkingaratriðum og geti beitt þeim í fjögurra radda skrifum.
- geti samið hljómagang með fjölbreyttum hljómskiptum og góðri lagrænni hreyfingu sóprans og bassa.
- hafi öðlast þjálfun í hljómgreiningu dæma úr tónbókmenntunum.